

Kuhns-lögmál í tveimur eddukvæðum:
athugun á stöðu persónubeygðra sagna í Atlakviðu og Völuspá

HEIMIR FREYR VIÐARSSON

1. Inngangur

Um orðaröð í forníslensku gildir almennt sú regla að persónubeygð sögn stendur í öðru sæti setningar, eins og sannfærast má um hjá t.d. Nygaard (1905:4-6). Í úttekt hans á málinu á eddukvæðunum (sbr. Nygaard 1865-1867) getur ekki um neinar sérstakar reglur aðrar sem eigi við í eddukvæðum. Aftur á móti taldi Kuhn (1933/1969) sig sjá í þeim kveðskap, sem og öðrum fornum kveðskap, samgermönskum, merki um fornar orðskipunarreglur sem germönsku málin hefðu hlotið í arf frá sameiginlegum indóevrópskum forföður. Á undanförunum áratugum hafa heyrst æ háværarar raddir á þá leið að þessi svokölluðu Kuhns-lögmál séu ekki raunveruleg heldur eigi þessar mismunandi reglur um orðaröð sér allt aðrar og almennari skýringar.

Í 2. kafla verður fjallað um Kuhns-lögmál og rætt um þær efasemdir sem fræðimenn hafa haft um tilvist þeirra, einkum úttekt Fidjestøls (1999) á eddukvæðum og athugun Gettys (1997) á hinni ensku Bjólfskviðu og hinu þýska Heliand. Niðurstaðan í þessum kafla verður sú að telja verði Kuhns-lögmál byggjast á fremur hæpnum staðhæfingum og að þrátt fyrir að Bjólfskviða eigi að bera sterk merki þess að fylgja Kuhns-lögmálum, sýni athugun Gettys fram á að reglur um orðskipun megi skýra með öðrum hætti. Þar skipti aðgreiningu í aðalsagnir og kerfissagnir mestu um orðaröð.

Í þriðja kafla eru sýndar helstu niðurstöður athugunnar minnar á eddukvæðunum Atlakviðu og Völuspá, með hliðsjón af 2. kafla. Helsta rannsóknarspurningin er sú hvort ástæða er til þess að telja Kuhns-lögmálin raunverulega koma fram í eddukvæðum eða hvort hugsanlegt sé að greina orðaröð, og eins meint brot á lögmálum Kuhns, með öðrum hætti. Þessari spurningu verður svarað á þann hátt að orðaröð sé í öllum aðalatriðum eins og í óbundnu máli en að frávik frá eðlilegri orðaröð skýrist öll af bragfræðilegum atriðum og/eða með hliðsjón af misjöfnum styrkleika mismunandi orðflokka. Ritgerðinni lýkur á samantekt í fjórða kafla en ítarlegar tölfræðilegar upplýsingar um kvæðin má finna í viðauka aftast.

2. Um Kuhns-lögmál

Hans Kuhn kom á fyrri hluta 20. aldar fram með kenningar um orðaröð í germönskum málum (sjá einkum Kuhn 1933).¹ Tilgátu Kuhns má lýsa í stuttu máli á þá leið að þessi mál hefðu hlotið í arf frá sameiginlegum indóevrópskum forföður *hljóðfræðilega* orðskipunarreglu sem með tímanum fór að lúta *setningafræðilegum* lögmálum. Áður en lengra er haldið er rétt að skilgreina nokkur mikilvæg hugtök sem greining Kuhns tekur mið af (byggt á Kuhn 1933:4-5/1969:20-21):

- | | | |
|-------|--|---|
| (1) a | Setningaragnir (<i>Satzpartikeln</i>): | <i>Dæmi um orðflokka:</i> |
| | Áherslulaus eða áherslulétt orð sem tilheyra <i>ekki</i> einstökum setningarhluta heldur allri setningunni, og eru því setningafræðilega <i>sjálfstæðir</i> hlutar | sérstæð fornöfn, smáorð, atviksorð, persónuhættir, (fallhættir og sagnfyllingar). |
| b | Setningarhlutaagnir (<i>Satzteilpartikeln</i>): | <i>Dæmi um orðflokka:</i> |
| | Áherslulaus eða áherslulétt orð sem tilheyra einstökum orðum eða setningarhluta, og eru því setningafræðilega <i>ósjálfstæðir</i> hlutar. | hliðstæð fornöfn, greinar, forsetningar, (áherslulaus) forskeyti. |
| c | Setningarhlutar (<i>Satzteile</i>) | <i>Dæmi um orðflokka:</i> |
| | [Þyngri orð sem er eðlilegt að beri áherslu] | nafnorð, lýsingarorð(?) |

Þrátt fyrir að greining Kuhns standi og falli með þessum skilgreiningum, eru skilgreiningar hans fremur óljósar.² Kuhn skilgreinir t.a.m. aðeins flokkinn setningaragnir nákvæmlega með dæmum um orðflokka sbr. (1a), en setningarhlutaagnir í (1b) og setningahluta í (1c) sýnir Kuhn ekki dæmi um. Dæmum um orðflokka við þessi tvo síðarnefndu hugtök ber því að taka með þeim fyrirvara.³ Ekki er alveg ljóst hvaða orð eiga heima í flokki setningarhluta hjá Kuhn, en það væru orð sem allajafna eru ekki áherslulaus. Megininntakið er því að tilteknum orðum er eiginlegt að bera áherslu, en öðrum er eiginlegt að vera áherslulaus. Setningaragnir eru orð sem *geta* hugsanlega borið áherslu en flokkast sem slíkar því aðeins að þær séu áherslulausar eða áhersluléttar.

¹ Greinin er endurprentuð í greinasafni Kuhns (1969:18-101). Tilvísanir í upphaflegu greinina hér á eftir munu vísa á samsvarandi síður í greinasafninu. Umfjöllunin byggist einnig á yfirliti Fidjestöls (1999:153-157, 294-323).

² Undir þetta tekur t.d. Kristján Árnason (2002:203) en kveður setningaragnir vísa til flokks sem sé hljóðfræðilega veikari en aðrir flokkar (sbr. einnig umfjöllun í kafla 2.2 hér á eftir). Enn veikari sé þó flokkur setningarhlutaagna sem séu forsetningar, greinar og ábendingarfornöfn sem tengist smærri (stærri?) einingum, setningarhlutum.

³ Getty (1997:158) virðist hafa í skilgreiningum á setningarögnum misskilið eftirfarandi orðalag Kuhns: „... zum Teil auch adjekt. Pronomina, gelegentlich infinite Verbformen und Prädikatsnomina“; sem *zum Teil* eigi við skilgreininguna á *Satzteilpartikeln*, en greinilegt er af orðum Kuhns að það merkir aðeins ‘að hluta’ og á við setningaragnirnar. Getty telur því (sennilega ranglega) sagnir í nafnhætti til setningarhlutanna í (1c).

Kuhn (1933/1969) byggir hugmyndir sínar á kenningum Wackernagels (1896), sem gerði ráð fyrir að setningaragnir hefðu í indóevrópsku verið viðskeyttir henglar á fyrsta (áherslu)orði setningarinnar (*enklítísk staða*). Þetta lögmál kveður Kuhn (1933:5/1969:21) hafa orðið til þess að hann taldi setningaragnirnar hafa þróast í forngermönsku og orðið forskeyttir henglar á fyrsta eða öðru áhersluorði (*próklítísk staða*). Síðari tíma málþróun flestra germönsku mállýsknanna (þegar þær greindust í t.d. fornensku, fornorrænu, forn-háþýsku o.s.frv.) hafi hins vegar leitt til þess að málin tóku að glata þessari hljóðfræðilegu reglu. Setningaragnirnar fóru að koma fram á undan áherslulíðum eða *-hlutum* í stað fyrsta áhersluorðs; reglan er á því stigi því orðin setningafræðileg.

Þessar hugmyndir dregur Kuhn í fyrsta lagi saman í **lögmál setningaragna** (*Satzpartikelgesetz*), sem hér verður einnig nefnt fyrsta Kuhns-lögmál (=K1) (sbr. Kuhn 1933:8-9/1969:23-24):

(2) **Lögmál setningaragna** (*Satzpartikelgesetz*)

K1 Setningaragnir standi í fyrsta hnigi setningar, sem forskeytt viðhengi á fyrsta eða öðru áhersluorði.

Fyrsta Kuhns-lögmál er því t.d. bann við að setningaragnir birtist bæði sem viðhengi á fyrsta og öðru áhersluorði. Þar sem Kuhn telur sagnir í persónuhætti geta verið setningaragnir getur þetta lögmál haft áhrif á stöðu persónubeygðrar sagnarinnar í setningunni. Til skýrleiksauka (og e.t.v. einnig til gamans) mætti nefna að lokalína Gunnarshólma Jónasar Hallgrímssonar væri t.d. líklega brot á þessu lögmáli, þar sem setningaragnir lenda í hnigi beggja vegna riss og sú síðari er persónubeygð sögn (leturbr. hér):⁴

(3) x – x x x – x x x – x
En lágum blfír hulinn verndarkraftur,
 hólmanum, þar sem Gunnar sneri aftur.

Í öðru lagi er um að ræða annað Kuhns-lögmál (=K2) sem nefnist **lögmál setningarupphafs** (*Satzspitzengesetz*) (sbr. Kuhn 1933:43/1969:51):

(4) **Lögmál setningarupphafs** (*Satzspitzengesetz*)

K2 Í upptakti setningar standi aðeins setningaragnir.

⁴ Þessi lína væri þó jafnframt brot á þriðja Kuhns-lögmáli sem lýst er hér fyrir neðan, þar sem setningin er tengd en persónubeygða sögnin er áherslulaus.

Dæmi um brot á öðru Kuhns-lögmáli væri t.d. fyrsta og þriðja lína eftirfarandi erindis úr kvæðinu „Hún kyssti mig“ eftir Stefán frá Hvítadal, þar sem setningahlutar eru hafðir áherslulausir sem væru þeir setningaragnir, í fyrra tilvikinu (hliðstætt) lýsingarorð og því síðara nafnorð (sbr. Ólafur Halldórsson 1977:17, leturbr. hér):

- (5) x x – x x –
Rauðu skarlati skríðzt
 x x – x x –
 hefur skógarins flos.
 x x – x x –
 Varir deyjandi dags
 x x – x x –
 sveipa dýrlingabros.

Í þriðja og fjórða lagi eru tvö lögmál sem tengjast því hvort setningar eru **bundnar** (*gebundene*) eða **sjálfstæðar** (*selbständige*) (sbr. Kuhn 1933:50-51/1969:57):

(6) **Lögmál bundinna og sjálfstæðra setninga**

- K3 Sagnir í bundnum setningum standa allajafna ekki í hnigi, nema um sé að ræða hjálparsagnir, og eru yfirleitt aftarlega í setningunni.
- K4 Sagnir í sjálfstæðum setningum mega alltaf standa í hnigi, og eru yfirleitt í stöðu setningaragna.

Setningar teljast bundnar ef þær eru tengdar með einhverjum hætti, hvort sem það eru aukatengingar, aðaltengingar, fornöfn, atviksorð o.s.frv. Aðalsetning sem hefst á tengingunni og myndi því teljast til bundinna setninga. Hér er því um að ræða aðra skiptingu en hina hefðbundnu í auka- og aðalsetningar.

Kuhn (1933:1-2/1969:18-19) athugaði fornan samgermanskan kveðskap með hliðsjón af þessum hugmyndum, sem hann taldi að sumu leyti enn varðveita fornu orðskipunarregluna. Lausamálstexta athugaði hann ekki, af þeirri ástæðu að þeir væru yngri og varðveittu ekki lengur reglurnar. Sá forni kveðskapur sem liggur til grundvallar athugun Kuhns er hið þýska kvæði Heliand, leifar fornháþýsks stuðlaðs kveðskapar og guðspjalla-bók Gotfrids; hin enska Bjólfskviða, Elene eftir Cynewulf og litlir hlutar hetjusagna; og loks hartnær allur norrænn kveðskapur fram til um 1200. Athugun Kuhns leiddi t.a.m. í ljós að kvæðið Beowulf endurspegladi eldra ástandið en Otfrid aftur á móti það yngra. Kuhn (1933:2/1969:19) segir þessi verk þó hafa verið skoðuð mjög misgaumgæfilega með tilliti til einstakra atriða (sbr. t.d. um Völuspá hér á eftir).

Kuhn skipti eddu- og dróttkvæðum í flokka eftir því hvar á vegi þróunarinnar „málstig“ kvæðanna var. Eddukvæði ort undir fornyrðislagi sem fjalla um innlend frásagnarefni höfðu tilhneigingu til þess að varðveita gamla áherslumynstrið í tengslum við setningaragnir, og féllu að því leyti í hóp með dróttkvæðum. Eddukvæði sem fjalla um erlend frásagnarefni sýna hins vegar minni tilhneigingu til þess að fylgja þessum reglum og lenda þar í hóp með kvæðum ortum undir ljóðahætti. Kvæði í þessum síðari hópi, þ.e. eddukvæði ort undir fornyrðislagi með erlendu frásagnaefni og kvæði undir ljóðahætti, segir Kuhn einnig oft brjóta þá reglu að sögn í bundnum setningum standi aftarlega í setningu.

Fidjestøl (1999:153-157) dregur í sögulega þætti athuganna sinna saman ýmis aðalatriði kenningar Kuhns um setningaragnir og mismunandi flokka kveðskapar. Hann telur ekki ljóst af kenningum Kuhns með hvaða hætti frásagnarefni kvæðanna, innlend eða erlend, ættu að hafa áhrif á málfar kvæðanna m.t.t. lögmála Kuhns. Fidjestøl nefnir þó að hugmynd Kuhns hljóti að hafa verið sú að um mjög nákvæmar þýðingar á þýskum kveðskap yfir á norrænu hafi verið að ræða, sbr. þar sem Kuhn (1933:96/1969:92) talar um þýðanda „gömlu kvæðanna“, en að brot á lögmálum í t.d. Atlakviðu megi rekja til áhrifa frá öðrum norrænum kveðskap. Þar sem kvæðin með erlendu sagnaefni eru mjög misjöfn að aldri þurfi því, segir Fidjestøl (1999:157), að gera ráð fyrir að þessi þýðingarstarfsemi hafi farið fram á tveimur ólíkum tímum og sé því ólíkleg ástæða þessa munar.

Í öðrum hluta fer Fidjestøl (1999:294-317) yfir athuganir Kuhns á eddukvæðum og reynir að meta gildi þeirra. Fyrst er rétt að telja þau kvæði sem voru athuguð úr hvorum þessara flokka fyrir sig. Þau kvæði sem tilheyra flokki kvæða ortum undir fornyrðislagi með erlendu frásagnarefni eru eftirfarandi (sbr. Fidjestøl 1999:294-295): Völundarkviða, Grípisspá, Reginsmál, Fáfnismál, Sigdrífumál, Brot af Sigurðarkviðu, Guðrúnarkviða I, Sigurðarkviða in skamma, Helreið Brynhildar, Guðrúnarkviða II, Guðrúnarkviða III, Oddrúnargrátr, Atlakviða, Atlamál, Guðrúnarhvöt, Hamðismál (öll varðveitt í Konungsbók eddukvæða), og (úr öðrum handritum) Hlōðskviða, Hildibrandskviða, brot í Völsunga sögu og Heiðreks sögu. Samtals er fyrri hópurinn samkvæmt Kuhn um 2200 langlínur (sbr. Fidjestøl 1999:155, nmlsgr. 74), alls 20 kvæði og brot.

Síðari flokkurinn er sundurleitari en í hann falla: Völuspá, Hymiskviða, Þrymskviða, Helgakviða Hundingsbana I, Helgakviða Hjörvarðssonar, Helgakviða Hundingsbana II (öll úr Konungsbók eddukvæða), og (úr öðrum handritum) Baldrs

draumar, Rígsþula, Hyndluljóð og Grottasöngur, auk vísbrotu úr fornaldarsögum og hirðkvæða undir fornyrðislagi frá því fyrir 1200. Þulum er hins vegar sleppt. Fidjestøl (1999:295) segir síðari hópinn vera um 3380 langlínur.

Þegar Fidjestøl fer yfir umfjöllun Kuhns og telur saman brot á þeim lögmálum sem Kuhn (1933/1969) nefnir í grein sinni, fær hann út býsna afgerandi mun á eddukvæðum með erlendu frásagnarefni og eddukvæðum með innlendu frásagnarefni (sjá Fidjestøl 1999:300-301, töflu 24 og 25). Hins vegar segir hann að við nánari skoðun sé munurinn mun minni og það séu t.d. aðeins tiltekin kvæði í hópi kvæða með erlendu frásagnarefni sem sýni nokkuð um þau málfars- og/eða bragfræðilegu atriði sem Kuhn nefnir. Þá efast Fidjestøl (1999:302) um að Kuhn hefði verið mögulegt að flokka kvæðin með tilliti til þess hvaða málstig þau ættu að endurspegla með því að skoða þau aðeins út frá Kuhns-lögmálum; flest kvæðanna gefa raunverulega litlar sem engar vísbendingar um að þessi flokkun eigi rétt á sér. Þetta virðast með öðrum orðum ekki vera tveir skýrt afmarkaðir kvæðaflokkar.

Fidjestøl (1999:302-304) gerir einnig alvarlegar athugasemdir við þá tímaröð (krónólógíu) málþróunarinnar sem Kuhn álitur að sjá megi merki um í þessum kvæðum og kvæðaflokkum. Kuhns sagði þau lögmál sem giltu í forngermönsku endurspegla fyrri indóevrópsk lögmál (sbr. hér á undan) og að enn megi því sjá forn lögmál, sem áður giltu einnig í mæltu máli, að verkum í tilteknum fornum og fornlegum kvæðum. Fidjestøl (1999:303) segir t.d. furðulegt að lögmálin gildi ekki í kvæðum ortum undir ljóðahætti, þrátt fyrir að mörg slík kvæði séu talinn til elsta norræna kveðskapar; hins vegar virðist lögmálunum vera fylgt í mun yngri kvæðum ortum undir hrynhendum hætti. Hann dregur hugmyndir Kuhns saman á eftirfarandi hátt (sbr. Fidjestøl 1999:305):

- „Innlend“ kvæði ort undir fornyrðislagi og dróttkvæðum hætti varðveita eldra (forngermanskt) málstig. Ljóðaháttur sker sig hins vegar úr af stílfraðilegum ástæðum.
- Samsvarandi „erlend“ kvæði hafa orðið fyrir áhrifum erlendra (vesturgermanskrar) málþróunar, sem hafa sett mark sitt á kvæðin í einhvers konar þýðingu á þeim.
- Þessar þýðingar á erlendum kvæðum hafa einnig haft áhrif á kvæði sem eru þó norræn að uppruna en fjalla um erlend frásagnarefni, eða tengjast þeim á einhvern stílfraðilegan hátt.

Niðurstaða Fidjestøls (1999:308 o.áfr.) er því á þá leið að skýringar Kuhns á þessum kvæðaflokkum séu ekki sannfærandi og hann varpar raunar fram þeirri spurningu hvort

nokkurra skýringa sé þörf; brot á lögmálum Kuhns séu yfirleitt fremur fátíð í öllum þessum kveðskap. Því til stuðnings mætti e.t.v. einnig hafa setningafræðilega umfjöllun Nygaards (1865-1867) um eddukvæðin, sem hvergi viku að sérstökum reglum um orðaröð sem gildi í eddukvæðum en ekki annars staðar í óbundnu máli.

Í ljósi þessarar niðurstöðu er mjög forvitnilegt að líta á nýlega greiningu á m.a. Bjólfskviðu, kvæði sem Kuhn taldi varðveita hið allra elsta forngermanska málstig, en sú athugun staðfestir raunar efasemdir Fidjestøls (1999).

2.2 Gagnrýni Gettys (1997) og greiningartillögur hans

Eins og komið hefur fram hér á undan, hafa menn efast nokkuð um réttmæti þeirra lögmála sem Kuhn (1933/1969) setti fram í grein sinni um stöðu orða og orðaáherslu í fornum kveðskap. Getty (1997) gerir athugasemdir við Kuhns-lögmálin fjögur, skilgreiningar þeirra grundvallarhugtaka sem lögmálin byggjast á (sbr. (1) hér fyrir ofan), og þá tengingu við kenningar Wackernagels (1896) um stöðu setningaragna (eða -hengla) sem Kuhn gerir ráð fyrir í greiningu sinni.

Helstan meinbug á Kuhns-lögmálum telur Getty vera skilgreiningar Kuhns á setningarögnum, þar sem Kuhn setji (meðal annars) í einn flokk allar persónubeygðar sagnir, óháð því hvort þær eru aðalsagnir eða eins konar hjálpar- eða stoðsagnir. Með því að greina ekki á milli a.m.k. þessara tegunda sagna, telur Getty hugmyndir Kuhns missa marks og spá rangt fyrir um bragfræðilega og setningafræðilega stöðu persónubeygðra sagna. Þessi gagnrýni Gettys er þó að því leyti léttvæg, að Kuhn (1933:52-57/1969:58-62) fjallar sjálfur um mismunandi sagnflokka með tilliti til áherslupunga sagnanna; í grófum dráttum þá sömu og Getty gerir ráð fyrir.

Kuhn (1933:52/1969:58) kveður merkingarþrungnar aðalsagnir (*Vollverben*) vera áherslumeiri en hjálparsagnir (*Hilfsverben*), en til hjálparsagna telur Kuhn ekki aðeins hefðbundnar hjálparsagnir, heldur einnig „háttarsagnir, allar aðrar sagnir sem taka með sér nafnhátt og tengisagnir ásamt *verða*“. Þar sem orðið *hjálparsögn* er yfirleitt ekki notað um allar þær sagnir sem Kuhn vísar til, mætti e.t.v. nota orðið **kerfissagnir** um þennan flokk. Gagnrýni Gettys lýtur því fyrst og fremst að þögn Kuhns um þennan mun á sagnflokkum í skilgreiningu hans á setningarögnum, sem lögmálin standa og falla með, þrátt fyrir að vita af honum.

Einnig mætti hér vísa til styrkleikaskala Heuslers (1925:107-108) þar sem persónubeygðar sagnir eru taldar til miðlungs sterks flokks orða (sbr. umfjöllun Kristjáns Árnasonar (2002:205-206, 226-227)):

- (7) Veikt: forsetningar, fornöfn, tengisagnir.
Miðlungs: persónubeygðar sagnir, stigbreytt lýsingarorð, atviksorð önnur en tíðaratviksorð.
Sterkt: nafnorð, lýsingarorð, fallhættir sagna, tíðaratviksorð.

Kristján Árnason (2005:447) sýnir einnig eftirfarandi styrkleikaskala sem hann telur lýsandi um mismunandi orðaáherslu, a.m.k. í nútímamáli (kvarðinn sýnir sífellt minnkandi styrkleika):

- (8) nafnorð › sagnir › forsetningar › persónufornöfn.

Við þetta bætir Kristján (2005:447-448) að sögn á b.v. *vera* sé ennfremur veikari en sögn á b.v. *slasast*, en þar er vitanlega um að ræða kerfissögn (tengisögn, sbr. (8)) og aðalsögn.

Kuhn til varnaðar væri þó hægt að halda því fram að þessi aðgreining felist sjálfkrafa í skilgreiningu hans á setningarögnum sem „áherslulausum eða áhersluléttum orðum“ (Kuhn 1933:4-5/1969:20-21). Ef aðalsagnir eru reglubundið og að upplagi áherslupungar, eins og m.a. Getty (1997) gerir ráð fyrir, en kerfissagnir að sama skapi áhersluléttar, mætti segja að þau Kuhns-lögmál sem kveða á um stöðu setningaragna segðu í raun ekkert til um stöðu aðalsagna. Eftir sem áður verður að gagnrýna Kuhn fyrir að kveða hér ekki skýrara að orði, því að ef farið væri yfir hinn forna kveðskap með tilliti til Kuhns-lögmála, yrði niðurstaðan að breyttu breytanda á þá leið að brot á viðkomandi lögmálum yrðu tíðust þar sem um kerfissagnir væri að ræða.

Slíka athugun útfærir Getty á Bjólfskviðu og kvæðinu Heliand. Þar lætur hann sér ekki nægja að greina á milli aðalsagna og kerfissagna, heldur greinir hann flokk kerfissagna í annars vegar málfræðilegar sagnir (*grammatical verbs*) og óákveðnar sagnir (*indeterminate verbs*). Fyrri flokkinn skipa hefðbundnar hjálpar- og háttarsagnir, en sá síðari tekur til sagna (annarra en málfræðilegra) sem geta tekið með sér aðalsagnir sem fylliliði. Þessi síðari flokkur er því hópur sagna sem væri mjög hætt við málfræðingu (grammatíkaliseringu) og

mætti t.d. áreiðanlega hafa um sagnirnar *gera*, *kenja* og *tjá/týja* þegar þær eru notaðar sem stoðsagnir með aðalsögnum (sjá t.d. Nygaard 1905:222-223, og umræðu hér á eftir).⁵

Getty (1997:159) gerir ráð fyrir þremur bragfræðilegum stöðum fyrir persónubeygðar sagnir: í fyrsta lagi áherslulausri stöðu og bragfræðilegu hnigi, sbr. í (9); í öðru lagi stöðu þar sem sagnirnar stuðla, sbr. (10); í þriðja lagi þar sem sagnirnar eru fráfarðar (*displaced*), þ.e. í lok braglínu, sbr. (11). Getty (1997) tilfærir dæmi úr Bjólfskviðu máli sínu til stuðnings, en hér verða lýsandi dæmi tekin úr Atlakviðu um hverja stöðu um sig í sjálfstæðum setningum annars vegar og bundnum setningum hins vegar (leturbr. hér):⁶

- (9) a hár *fann* ec heiþingia | riþit i hring raþom, (Atl. 8,6f)
b **enn** Atla sialfan | *leter* þv i ormgarð coma; (Atl. 16,11f)
- (10) a *frago* fröçnan, | ef fior villdi, (Atl. 20,5f)
b vin Borgvnda | **oc** *bundo* fastla. (Atl. 18.3f)
- (11) a Gvlli *seri* | in gaglbarta, (Atl. 39.1f)
b Þo hann eða hendr | **ne** hafuþ *kembþi* (Atl. 34.1f)

Að auki víkur Getty (1997:160) stuttlega að tveimur öðrum bragstöðum, sem hann virðist þó ekki taka að fullu „með í reikninginn“ í greiningu sinni. Þar er annars vegar um að ræða persónubeygða sögn í risi í upphafi síðlínu sem á sér beinan undanfara í frumlínu, eins og sýnt er dæmi um í (12), eða upphaf nýrrar setningar, sbr. (13) (leturbr. hér):

- (12) gvmar gransipir | *genço* inn hvatir. (Atl. 34.5f)
- (13) *Scaro* þeir hiarta | Hialla or briosti, (Atl. 22.1f)

Öll dæmi um að persónubeygð sögn í upphafi síðlínu sé beint framhald setningarinnar í frumlínu, eru einnig dæmi um stuðlun á persónubeygðu sögninni (sbr. athugun mína á eftir). Slík dæmi er því óhætt að fella undir bragfræðilegu stöðuna í (10) með stuðluðum persónubeygðum sögnum. Dæmi á b.v. (13), þar sem setning hefst á persónubeygðu sögninni og sögnin er í risi, falla hins vegar ekki að þessari þriggreiningu Gettys (1997:159) og óljóst er hvernig hann vinnur úr slíkum dæmum. Aftur á móti kveður hann öll dæmi

⁵ Skipting sagnanna hjá Getty (1997) vekur ýmsar spurningar: Eru hinar svokölluðu óákveðnu sagnir alltaf óákveðnar eða aðeins þegar þær taka með sér aðra sögn sem fyllilið? Ef *ganga* væri t.d. flokkuð sem óákveðin sögn í dæminu *hann gekk vega*, er hún þá einnig óákveðin þegar hún kemur fyrir án aðalsagnar, t.d. *hann gekk til sjávar*? Hér hlýtur að þurfa að greina á milli og munu þá áreiðanlega koma upp óljós tilvik sem lenda einhvers staðar á milli þessara flokka.

⁶ Tilvitnuð dæmi úr Atlakviðu og Völuspá miðast við Bugge (1867), sbr. kafla 3.2.1, nema annað sé tekið fram.

um orðaröð á b.v. (13) í Bjólfskviðu og Heliand einnig eiga sér hliðstæðu í óbundnu máli og þurfi því ekki frekari skýringa við.⁷

Sé vikið að hugmyndum Kuhns um mun á bundnum og sjálfstæðum setningum, telur Getty (1997:165) þá aðferð misvísandi að gera ekki greinarmun á kerfissögnum (hjálparsögnum og stoðsögnum) og aðalsögnum. Ef einvörðungu eru skoðaðar *hjálparsagnir* í t.d. Bjólfskviðu, kemur fram skýr munur á bundnum og sjálfstæðum setningum í samræmi við hugmyndir Kuhns: í sjálfstæðum setningum eru persónubeygðar hjálparsagnir í 70% tilvika áherslulausar og í 29% tilvika fráfarðar; í bundnum setningum eru sömu sagnir aftur á móti í 7% tilvika áherslulausar en 92% tilvika fráfarðar.

Þetta álítur Getty hins vegar aðeins segja hálfá söguna, og varla það. Ef enginn greinarmunur er gerður á ólíkum tegundum sagna, mun athugun á stöðu sagnanna fylgja þeim mynstrum sem algengust eru í hverju kvæði um sig, en þær upplýsingar munu segja lítið um *eiginlegan* mun á kvæðunum. Ef t.d. er lítið á kvæðin í heild eftir bragfræðilegri stöðu og því hvort setningin er bundin eða sjálfstæð, kemur í ljós að í Bjólfskviðu er meirihluti persónubeygðra sagna *fráfarður* (óháð tengingu), en í kvæðinu Heliand eru hins vegar flestar slíkar sagnir *áberslulausar* í sjálfstæðum setningum en aftur á móti *fráfarðar* í bundnum setningum. Athugun á aðalsögnum í þessum kvæðum myndi því að breyttu breytanda leiða í ljós að hlutfallslega væru flestar aðalsagnir fráfarðar í bundnum setningum í Bjólfskviðu og áherslulausar í sjálfstæðum setningum í kvæðinu Heliand.

Þetta er markverð athugasemd við greiningu Kuhns því að með þessu móti er hætt við að bragfræðilegur og setningafræðilegur eðlismunur virðist koma fram á kvæðum sem í raun lúta svipuðum lögmálum. (Þetta er því mikilvægt að athuga í tengslum við eddukvæði með erlendu frásagnarefni og innlendu, sem Kuhn taldi eðlismun vera á, sbr. 3. kafla hér á eftir.) Allt annað kemur í ljós ef kvæðin eru skoðuð á annan hátt, þar sem greint á milli hinna þriggja sagnflokka og því hvort persónubeygðar sagnir koma fyrir í stöðu þar sem þær eru stuðlaðar (= í risi) í bundnum og sjálfstæðum setningum (sbr. Getty 1997:167, leturbr. hér):

⁷ Séu orð Gettys (1997) heimfærð yfir á fornnorrænu, gæti hann þar átt við dæmi í óbundnu máli um t.d. frásagnar-umröðun og boðháttarsetningar, þar sem persónubeygða sögnin fer á undan frumlaginu. Þetta á raunar við í Atla-kviðu og Völuspá, þar sem slík dæmi má öll greina á þann hátt, alls 15 dæmi (sbr. viðauka).

(14) **Stuðlandi persónubeygðar sagnir í Bjólfskviðu**

Sjálfstæðar setningar: 137		Bundnar setningar: 57	
Hjálparsögn:	3%	Hjálparsögn:	4%
Óákveðin:	9%	Óákveðin:	4%
Aðalsögn:	88%	Aðalsögn:	92%

Í (14) kemur fram skýr munur í báðum kvæðunum á því hvort stuðlað er á aðalsögnum eða kerfissögnum, óháð því hvort um bundna eða sjálfstæða setningu er að ræða. Samsvarendi mun á aðalsögnum annars vegar og kerfissögnum hins vegar má einnig finna í hinum bragfræðilegu stöðunum tveimur (sjá Getty 1997:178-179). Séu t.d. áherslulausar persónubeygðar sagnir skoðaðar til samanburðar, kemur fram að þær eru nær alltaf kerfissagnir (sbr. Getty 1997:167, leturbr. hér):

(15) **Áherslulausar persónubeygðar sagnir í Bjólfskviðu og Heliand**

Sjálfstæðar setningar: 267		Bundnar setningar: 15	
Hjálparsögn:	87%	Hjálparsögn:	100%
Óákveðin:	7%	Óákveðin:	0%
Aðalsögn:	6%	Aðalsögn:	0%

Flest dæmin um að aðalsögn sé áherslulaus (6% í töflunni í (15)) eru dæmi þar sem sögnin fer á undan höfuðstaf, og hún *verður* því að vera áherslulaus (sbr. Getty 1997:168).

Ef athuguð eru dæmi um fráfarðar persónubeygðar sagnir í þessum kvæðum, kemur í ljós tölfræðilega ómarktækur munur á bundnum og sjálfstæðum setningum, þar sem hlutföll sagnflokka þriggja virðast fylgja fullkomlega dreifingu sömu sagnflokka í kvæðunum í heild. Yfirlit yfir fráfarðar persónubeygðar sagnir er sýnt í (16) og heildardreifing sagnflokka í (17) (sbr. Getty 1997:178-179):⁸

(16) **Fráfarðar persónubeygðar sagnir í Bjólfskviðu og Heliand**

Sjálfstæðar setningar: 470		Bundnar setningar: 591	
Hjálparsögn:	20%	Hjálparsögn:	32%
Óákveðin:	8%	Óákveðin:	11%
Aðalsögn:	72%	Aðalsögn:	57%

⁸ Þau leiðu mistök hafa orðið í tilv. grein að hlutföll hjálparsagna og aðalsagna hefur víxlast í töflunni í (17). Þetta er leiðrétt hér. Mistökín eru greinileg af því að aðalsagnir eru 982 af alls 1657 (=59,2%), hjálparsagnir 537 (=32,4%) og óákveðnar sagnir 138 (=8,3%), auk þess sem röksemdafærslan stenst ekki skoðun nema taflan sé leiðrétt.

(17) **Almenn dreifing (Bjólfskviðu og Heliand)**

Tegund sagnar

Hjálparsögn:	33%
Óákveðin:	9%
Aðalsögn:	58%

Niðurstaðan er því sú að ekkert í Bjólfskviðu og kvæðinu Heliand bendi til þess að Kuhns-lögmál séu að verki í þessum kvæðum. Lögmál Kuhns séu byggð á þeirri fremur vafasömu alhæfingu að persónubeygðar sagnir *almennt* geti verið setningaragnir. Hvað skiptingu í bundnar og sjálfstæðar setningar varðar, kveður Getty aðrar athuganir á fornensku hafa leitt í ljós að einnig í óbundnu máli hafi verið nokkur tilhneiging til þess að persónubeygð sögn standi aftast í setningu, jafnvel í venjulegum fullyrðingarsetningum til loka 9. aldar og eitthvað áfram næstu tvær aldirnar (sbr. Getty 1997:170-172 og tilv. þar). Með öðrum orðum þarfnist það því ekki sérstakrar skýringar að slík orðaröð komi einnig fyrir í bundnu máli, en að með tímanum hafi persónubeygða sögnin hins vegar tekið að festast í sessi aftast í aukasetningum.⁹

Úttekt Gettys lýkur því á þeirri yfirlýsingu að Kuhns-lögmál séu ekki að verki í Bjólfskviðu, þrátt fyrir að hún hafi átt að vera eitt skýrasta dæmið um virkni þeirra, og að því sé það nú hinna norrænu eddukvæða að skera endanlega úr um tilvist lögmálanna.¹⁰ Efni næsta kafla er því að athuga nánar tvö þeirra kvæða sem Kuhn (1933/1969) fjallar um í grein sinni, Atlakviðu og Völuspá, með tilliti til röksemda Gettys (1997).

3. Nánari athugun á eddukvæðum

Í þessum kafla verður fyrst (í kafla 3.1) gefið yfirlit yfir þau dæmi um brot á Kuhns-lögmálum, sem Kuhn (1933/1969) nefnir í athugun sinni, í þeim tveimur eddukvæðum sem hér verða til athugunar: Atlakviðu og Völuspá. Eins og fram kom hér á undan flokkar Kuhn Atlakviðu sem kvæði með erlendu frásagnarefni og er dæmi um þýtt kvæði sem

⁹ Getty (1997:168) bætir því raunar við að sá munur sem komi fram á bundnum og sjálfstæðum setningum í Bjólfskviðu, eins og Kuhn gerir ráð fyrir, reynist við nánari athugun langt frá því að vera tölfræðilega marktækur.

¹⁰ Hér hefur ekki verið minnst á athugun Gade (1989), þar sem því er haldið fram að Kuhns-lögmál falli illa að dróttkvæðum hætti þrátt fyrir að Kuhn hafi reynt að sýna fram á virkni þeirra í slíkum kveðskap. Greining dróttkvæðs kveðskapar fellur þó utan meginviðfangsefnis þessarar ritgerðar, þ.e. málfars eddukvæða, en áhugasömum er einnig bent á nýlega umfjöllun og greiningu Kristjáns Árnasonar (2002).

endurspegli yngra málstig; Völuspá fellur hins vegar í flokk norrænna kvæða með innlendu frásagnarefni og ætti að endurspegla eldra málstig. Því verður haldið fram að mögulegt sé að skýra öll brotin sem Kuhn sýnir og varða stöðu persónubeygðu sagnarinnar með öðrum hætti (sjá þar einkum kafla 3.1.3 um tengdar setningar).

Í kafla 3.2 verða samsvarandi tölfræðilegar upplýsingar sýndar og fjallað var um í kafla 2.2 í tengslum við athugun Gettys (1997) á Bjólfskviðu. Spurningin er hvort einhver raunverulegur munur er á þessum kvæðum, og þó svo sé, hvort Kuhns-lögmál séu hentug til þess að lýsa þeim mun.

3.1. Brot á Kuhns-lögmálum

3.1.1 Fyrsta Kuhns-lögmál

Fyrst skulu nú sýnd dæmi um skráð brot á K1 hjá Kuhn í þessum tveimur kvæðum, þ.e. brot á **lögmáli setningaragna** (*Satzpartikelgesetz*). Er þar fyrst að nefna áherslulaust orð í lok braglínu sem koma fyrir í Völuspá (sbr. Kuhn 1933:28/1969:39; leturbr. hér):¹¹

- (18) a stéendr æ yfir *grænn* (oder stendr æ yfir *grænn?*) (Vsp. 19,7)
b géyr (nū) Gármr *miǫk* (oder geyr (nū) Gármr *miǫk?*) (Vsp. 44,1)

Skanderingin sem Kuhn gefur upp innan sviga er að mínu mati eðlilegri en sú sem hann gefur upp fyrst í báðum tilvikum í (18). Annars þarf að gera ráð fyrir stöku áherslulausu orði í lok braglínu, sem hlýtur að teljast ósennilegt frá fagurfræðilegu sjónarmiði.

Einnig getur Kuhn tveggja dæma úr Atlakviðu þar sem setningarögn er í fyrsta (innra) hnigi, þrátt fyrir að upptaktur fari á undan og orðið í fyrsta risi sé ekki „hæft“ til þess að standa í hnigi (sbr. Kuhn 1933:37/1969:47; leturbr. hér):

- (19) a at górdum *kom hann* Giúka (Akv. 1,5)
b en níð *sagði* Átla (Akv. 35,6)

Í Atlakviðu eru einnig fjögur tilvik þar sem setning hefst í frumlínu en setningarögn stendur í fyrsta hnigi í síðlínu (sbr. Kuhn 1933:37-38/1969:47-48; leturbr. hér):

- (20) a ná náuðfólva | *letir* nórnir gráta (Akv. 16,7f)
b ī véltanda vátmi | *ljásk* válbáugar (Akv. 27,9f)

¹¹ Í dæmunum sem tekin eru eftir Kuhn (1933/1969) er notuð sama lengdar- og áherslumerking og hjá honum, þ.e. broddur yfir sérhljóða merkir áherslu en strik tákna að um langt sérhljóð sé að ræða.

(‘unvollständiger Satz’)

c hringum ráuðum | *reifði* hon húska^rla (Akv. 39,3f)

d Bíkkar gréppar | *standa* ā bórg inni há (Akv. 14,3f)

(‘anscheinend gehören hierher auch’)

Reyndar mætti skandera (20c) *reifði* með áherslu, þar sem *r-ið* væri jafnframt höfuðstafur á móti *rauðum* í fyrri línu, fremur en *hring* og *húska^rla* eins og Kuhn gerir ráð fyrir, og hallast ég fremur að því.

Í sjö öðrum tilvikum í Atlakviðu stendur auk setningaragnarinnar í innra hnigi einnig setningarögn í upptakti setningarinnar, fyrir utan dæmi Akv. 39,7 og 41,1 eru setningaragnirnar þó tengiorð (sbr. Kuhn 1933:38-39/1969:48; leturbr. hér):

- (21) a en Átla siálfan | *létir þū* í órmgarð kóma (Akv. 16,11f)
b en ínum átta | *bratt hann* í öld héitan (Akv. 19,3f)
c heldr en ā hǫndum gúll | *skími* Húna börnum¹² (Akv. 27,11f)
d æva flióð ekki | *gáði* fiárg húsa (Akv. 39,7f)
e hon béð bróddi | *gaf* blóð at drékka (Akv. 41,1f)
f ok frá mórði þeira Gúnnars | *komnir voru* ör mýrkhéimi (Akv. 42,3f)
g *þā* kúað *þat inn* æri | érfivörðr Högna (Anm. 13,5f)

Fidjestøl (1999:300) kveðst ekki vita til hvers *anm.* 13,5 vísar, en þar er trúlegast að Kuhn eigi við tilv. línu í (21g), sbr. Akv. 12,5 hjá Bugge (1867). Hún er þó brot á *K1* því aðeins að orðmyndin *kvæð* standi í risi, eins og Kuhn virðist gera ráð fyrir. Eðlilegra væri þó sennilega að skandera línuna á annan hátt, með áherslu á *þá* og *ari*. Þær línur hafa þá sömu hrynjandi og Akv. 23,1 (*þá kvæð þat Gunnarr*) og Akv. 25,1 (*Mærr kvæð þat Gunnarr*).

3.1.2 Annað Kuhns-lögmál

Hjá Kuhn er í Atlakviðu skráð eitt dæmi um brot á *K2*, þ.e. **lögmáli setningarupphafs** (*Satzspitzengesetz*), þar sem í upptakti stendur eitthvað annað en setningarögn, nánar tiltekið forsetning (Kuhn 1933:54/1969:46; leturbr. hér):

- (22) at górdum kom hann Giúka (Akv. 1,5)

¹² Kuhn (1933:38-39/1969:48) segir hugsanlegt að tengiorðið (*heldr en*) standi í risi. Hér er lítið svo á sem tengiorðið hljóti að standa í hnigi, nema þrjú ris séu í línunni.

Ef dæmi (22) er brot á *K2*, ætti langlínan *Fetum létu frækni* | **um fjoll at þyrja** (Akv. 13,1f) einnig að vera brot á sama lögmáli, þar sem *um* og *at* eru ekki setningaragnir heldur setningarhlutaagnir (ekki sjálfstæðir hlutar setningarinnar). Hér er þó hugsanlegt að Kuhn eigi einungis við dæmi þar sem orð sem ekki eru sjálfstæð (t.d. forsetningar) koma fyrir í frumlínu, en ekki sé átt við *um* dæmi í fyrsta hnigi í síðlínu eins og í Akv. 13.1f. Þetta verður þó að teljast ósennileg skýring.

Aftur á móti má velta fyrir sér hvort líta eigi á dæmið í (22) og dæmið í Akv. 13,1f sem alvarleg „brot“, enda segir Kuhn sjálfur (Kuhn 1933:9/1969:24) að brot á *K1* og *K2* verði helst þar sem hlutar setningarinnar hafi verið færðir til. Ef til vill er ætlun skáldsins að draga athyglina að liðnum *at gorrðum*, nema framfærsla hans dragi einmitt athyglina að nafnorðinu *Gjúka*, sem stendur eitt eftir? Loks þarfnast Akv. 13,1f ekki annarrar skýringar en þeirrar að *fjoll* ber höfuðstaf og verður því að standa í fyrsta risi.

3.1.3 Þriðja Kuhns-lögmál

Kuhn sýnir eftirtalin brot í Atlakviðu á þriðja Kuhns-lögmáli, þ.e. **lögmáli bundinna setninga** (sbr. Kuhn 1933:55/1969:61; leturbr. hér):

- (23) a *en ínum átta | bratt hann í öld héitan* (Akv. 19,3f)
 b *heldr en ā höndum gúll | skēni Húna börnum* (Akv. 27,11f)
 c *en níð sagði Átla* (Akv. 35,6)
 d o.s.frv. (‘usw.’)

Athyglisvert er að í dæmunum í (23a,b) er tengingin í frumlínu og aðalsögnin í upptakti síðlínu. Ef ekki væri fallist á að *K3* endurspeglæði einhverja raunverulega aðgreiningu á því málstigi sem er á Atlakviðu (andspænis málstigi t.d. Völuspár), væri mögulegt að skýra dæmin út frá bragfræðilegri stöðu. Nú er vel hugsanlegt að persónubeygðar aðalsagnir hafi getað verið áherslulausar ef þess var krafist bragfræðilega. Á fyrrnefndum skala Heuslers (1925) eru persónubeygðar sagnir taldar miðlungs sterkar og venjulega eru nafnorð og lýsingarorð talin sterkari en sagnir (sbr. hér á undan). Af persónubeygðum sögnum eru hins vegar málfræðilegar sagnir veikari en aðalsagnir. Hér er því um **stigveldi** að ræða.

Ef þetta er heimfært á eddukvæðin mætti e.t.v. halda því fram, sem skýringartilgátu í stað hins þriðja Kuhns-lögmáls, að ef áherslulaus tenging (=setningarögn) er fremst í upptakti braglínu, verði sögn strax á eftir henni (einnig í upptakti, í hnigi) þeim mun

veikari í braglínu sem hún stendur fjær upphafi braglínunnar, þar sem hún er þá *undirskipuð* tengingunni í hnigi. Ef tengingin er hins vegar í frumlínu og aðalsögnin í síðlínu, mætti hugsa sér að aðalsögnin standi þar í minna áhersluleysi en ella og *geti* því komið fyrir í þeirri stöðu ef nauðsyn krefur, þrátt fyrir að kjósa heldur að vera í risi.

Málfræðileg sögn gæti hins vegar sem best staðið í hvorri stöðu sem væri, undirskipuð tengingunni í sömu braglínu eða ein í upphafi braglínunnar; henni væri hvort eð er eðlilegast að bera ekki áherslu. Þetta gæti einnig skýrt dæmið í (23c), því að þar stendur aðalsögnin ekki í sama hnigi og tengingin (annars væri hún undirskipuð tengingunni). Þess í stað er hún í öðru hnigi braglínunnar og þar með ber hún meiri áherslu en tengingin. Þessi skýring gæti einnig gert grein fyrir brotunum í kafla 3.1.1 og 3.1.2 þar sem aðalsagnir standa í hnigi.

Þessu hefur mér vitanlega ekki verið haldið fram fyrir og kann að hljóma heldur langsótt. Ef fallist er á þessa skýringartilgátu fæst hins vegar sjálfkrafa skýring á hvernig það má vera, að sagnirnar í eftirfarandi dæmum úr *Atlakviðu* og *Völuspá* virðast geta borið höfuðstaf þrátt fyrir að standa í *hnigi* (leturbr. hér):¹³

- | | | | |
|------|---|--|--------------|
| (24) | a | Atli inn ríki <i>reiþ</i> Glám maðnom | (Atl. 29,1f) |
| | b | vapnsaŋgr virþa, <i>váro</i> af heiþi comnir | (Atl. 32,7f) |
| | c | Fvllrætt er vm þetta, <i>ferr</i> engi sva síþan | (Atl 43,1f) |
| | d | Hrymr ekr aŋstan <i>hefiz</i> lind fyr | (Vsp. 47,1f) |
| | e | Sol ter sortna <i>sigr</i> fold imar | (Vsp. 54,1f) |
| | f | falla forsar <i>flygr</i> aŋrn yfir | (Vsp. 56,5f) |
| | g | ber ser ifioþrom <i>flygr</i> va'll yfir | (Vsp. 62,5f) |

Þessi dæmi er varla hægt að skýra á annan veg nema gert sé ráð fyrir þremur risum í þessum línunum. Þá yrði hjálparsögnin *vera* hins vegar látin bera áherslu, sem er varla kostur.

Til viðbótar við brotin sem Kuhn nefnir í (22), mætti bæta eftirfarandi dæmum sem mín athugun hefur leitt í ljós sem hugsanleg brot á *K3* í *Atlakviðu* (leturbr. hér):

- | | | | |
|------|---|--|--------------|
| (25) | a | einn er minn betri <i>enn se</i> allra Hvína | (Akv. 7,11f) |
|------|---|--|--------------|

¹³ Getty (1997:167-168) er þó hársbreidd frá því að halda þessu fram þegar hann kveður dæmi úr *Bjólfskviðu*, sambærileg dæmunum í (24), hugsanlega ekki endilega fela í sér *alveg* áherslulausar sagnir, og er þar í andstöðu, segir hann, við spekinga á b.v. Kuhn, Sievers og Bliss. Getty útfærir þessa hugmynd þó ekki nánar.

b *enn* Atla sialfan | *leter* þv i ormgarð coma (Akv. 16,11f)

Dæmi (25a) er með málfræðilegri sögn, *vera*, og er því undanþegið þriðja lögmáli Kuhns. Hins vegar er dæmi (25b) „aðalsagnarlegra“, en væri sögn sem Getty (1997) hefði flokkað sem óákveðna sögn, Kuhn (1933/1969) e.t.v. sem hjálparsögn. Þar er tengingin einnig í frumlínu og persónubeygða sögnin í upptakti síðlínu, sbr. (23a,b).

Úr Völuspá getur Kuhn hins vegar engra dæma um brot á *K3*. Mín athugun leiðir í ljós að dæmi sem fara í bága við þriðja lögmál í Völuspá eru með persónubeygðum sögnum sem mundu flokkast sem málfræðilegar sagnir (og eru því undanþegin því):

(26) a Þa gengo regin oll | arak stola (Vsp. 9,1ff)

ginheillog god | oc vm þat gettvz

hverr scyldi duerga | drotin sceþia

b Þa gengo regin oll ... (Vsp. 24,1ff)

huart scyldo ęsir | afrað gialda

c ... (Vsp. 24,1ff)

eþa scyldo goðin aþll

d *aþr* verold steypiz | *mn* engi maþr (Vsp. 44,10f)

Þessi brot, ef brot má kalla, eru því sama eðlis og dæmin um málfræðilegu sagnirnar í Bjólfskviðu og dæmin í (25). Sögnunum er eðlilegt að vera áherslulausar og þarfnast því ekki frekari skýringa.

3.1.4 Fjórða Kuhns-lögmál

Skráð brot hjá Kuhn á *K4*, þ.e. **lögmáli sjálfstæðra setninga**, eru engin í Atlakviðu en hann kveður 14 brot vera í Völuspá (sbr. Kuhn 1933:61/1969:66). Engin þessara dæma eru hins vegar sýnd í meginmáli hjá honum, né er til þeirra vitnað, svo giska verður á um hvaða dæmi ræðir. Sennilega á Kuhn þar a.m.k. við dæmin 11 í (27) (leturbr. hér):

(27) a sol þat ne *uissi* (Vsp. 5,5)

b stiornor þat ne *visso* (Vsp. 5,7)

c mani þat ne *vissi* (Vsp. 5,9)

d aþnd þa ne *átto* (Vsp. 16,9)

e	óþ þav ne <i>hafðo</i>	(Vsp. 16,10)
f	Þer lög <i>lægðo</i>	(Vsp. 20,1)
g	þer líf <i>kevro</i>	(Vsp. 20,2)
h	Heidi hána <i>heto</i>	(Vsp. 23,1)
i	seið hon <i>kevni</i>	(Vsp. 23,5)
j	Þorr ein þar <i>var</i>	(Vsp. 27,1)
k	hann sialdan <i>sitr</i>	(Vsp. 27,3)

Óvíst er hins vegar hvort nokkurrar annarrar skýringa er þörf í þessum dæmum en bragfræðilegra. Í mörgum dæmanna er reyndar greinileg áhersla: „sól þat ne vissi“, „stjornur þat ne vissu“ o.s.frv. Misjafnt er hvort frumlag eða andlag stendur fremst, í (27a-c,f,g,j,k) er frumlag fremst, og það ber áherslu alls staðar nema í (27f,g,k). Í þeim tilvikum sem frumlagið er áherslulaust, er það *fornafn*. Það sama á við um áherslulaus andlög, en þar sem andlög standa fremst og bera áherslu, er frumlagið áherslulaust *fornafn*. Þetta er áreiðanlega engin tilviljun. Við þessa greiningu má einnig bæta að það orð sem stendur í fyrri risi (fyrsta áhersluorð) ber oft höfuðstaf. Sögnin má því ekki standa í þeirri stöðu.

Til þess að fylla töluna 14, er hugsanlegt að Kuhn hafi einnig haft dæmin í (28) í huga þegar hann taldi brotin í Völuspá:

(28)	a	Adr burs synir biðdom um <i>ypðo</i>	(Vsp. 4,1f)
	b	aþr verold <i>steypiꝛ</i>	(Vsp 44,10)
	c	aþr a bál vm <i>bar</i>	(Vsp. 34,3)

Í þessum dæmum eru setningaragnir í upptakti, en ólíkt setningarögnunum í (27) eru þær e.t.v. meira í ætt við tengingar (sbr. að atviksorð gátu verið tengingar). Hvort sem þær eru þó formlega skilgreindar sem tengingar í skilningi Kuhns, getur skýringartilgátan sem reifuð var í kafla 3.1.3 skýrt þessi dæmin á sama hátt og dæmin í (23). Ögnin *áðr* stendur áherslulaus í upptakti og útilokar því aðalsagnirnar *yppa*, *steypaꝛ* og *bera* sem geta ekki staðið alveg áherslulausar.

Í öllum þremur tilvikum er um að ræða stuðlun á fyrsta áhersluorði, *burs* og *bjóðum* í (28a), *verold* ber höfuðstaf í (28b) og *bál* og *bar* stuðla í (28c) sem skýrir einnig stöðu þeirra. Dæmi (28c) sker sig því úr að því leyti að þar ætti aðalsögnin að geta staðið í fyrri risi, þar sem hins vegar forsetningarliðurinn *á bál* stendur. Þar er þó ekki ósennilegt að forsetningarliðurinn hafi verið færður fram (kjarnafærður) og beri því aukna áherslu.

Að þessu yfirliti loknu verða nú sýndar samsvarandi tölfræðilegar upplýsingar um Atlakviðu og Völuspá og gerðu Getty (1997), að hans mati, fært að hafna Kuhns-lögmálum í athugun sinni.

3.2 Atlakviða og Völuspá: tölfraeðilegt yfirlit

Í kafla 3.2 verða einungis sýndar helstu niðurstöður (sjá kafla 3.2.2) en heildaryfirlit er í viðauka aftast.

3.2.1 Um athugunina

Það sem hér fer á eftir eru niðurstöður athuganna á Atlakviðu og Völuspá, sambærilegar athugun Gettys (1997) á Bjólfskviðu og kvæðinu Heliand. Í athuguninni fólst yfirlestur á kvæðunum eftir útgáfu Sophusar Bugge (1867), en sá texti er til á rafrænu formi. Atlakviða og Völuspá eru þar prentuð eftir Konungsbók eddukvæða og er þeim texta fylgt án undantekninga. Aðrar útgáfur voru þó hafðar til hliðsjónar þar sem upp komu vafamál.

Hver braglína var færð inn í Excel-gagnagrunn,¹⁴ um þúsund línur alls, og hverri gefið númer, t.d. 1 til marks um að um 1. erindi væri að ræða, en 1.1, 1.2, 1.3 o.s.frv. til marks um að hún væri 1., 2. og 3. lína kvæðisins. Frumlínum og síðlínum var þannig haldið aðgreindum sem sér línum. Athugunin miðaðist einungis við persónubeygðar sagnir og var því ekki annað skráð en slík dæmi. Við hverja persónubeygðu sögn var:

- (i) Skráð hver uppflettimynd sagnarinnar væri.
- (ii) Skráð hver bragfræðileg staða sagnarinnar væri miðað við greiningu Gettys (1997:159-160) og eru þar notuð númer sem eiga við dæmi hans:
 - 4 = dæmi (9) í þessari ritgerð (áherslulaus staða),
 - 5 = dæmi (10) í þessari ritgerð (þ.e. stuðlun),
 - 6 = dæmi (11) í þessari ritgerð (fráfærðar sagnir, í lok braglínu),
 - 7 = dæmi (12) í þessari ritgerð (setning frumlínu heldur áfram í síðlínu),
 - 8 = dæmi (13) í þessari ritgerð (frumlína hefst á sögn).
- (iii) Skráð hvort hún bryti 1., 2., 3., eða 4. Kuhns-lögmál (1 er 'já', 2 'nei', 9 'á ekki við').
- (iv) Skráð hvort setningin væri bundin eða sjálfstæð (1 er 'bundin', 2 er 'sjálfstæð').
- (v) Skráð hvort sögnin væri aðalsögn ('1'), hjálparsögn ('2') eða óákveðin ('3').
- (vi) Skráð hvort sögnin væri stuðluð ('1') eða óstuðluð ('2').
- (vii) Skráð hvort sögnin bæri áherslu ('1') eða væri áherslulaus ('2').

Töflurnar sem sýndar verða hér á eftir voru unnar handvirkt með því að nota svokallaðan *AutoFilter*-möguleika í Excel, sem gerir kleift að kalla aðeins fram tiltekna upplýsingar í grunninum. Til dæmis er þá hægt að biðja um allar persónubeygðar sagnir í tilteknu kvæði

¹⁴ Þessi Excel-gagnagrunnur var sendur í viðhengi í tölvupósti (sjá einnig: <http://www.hi.is/~hfv/eddugrunnur.xls>).

sem stuðla og/eða bera áherslu og/eða eru hjálparsagnir og/eða brjóta *K3* og/eða eru í tengdri setningu o.s.frv.

3.2.2 Helstu niðurstöður

Í þessum undirkafla verða helstu niðurstöður úr athuguninni bornar saman við niðurstöður Gettys (1997) (sbr. kafla 2.2). Athugun Gettys leiddi í ljós að það sem mestu máli virtist skipta hvað stöðu persónubeygðu sagnarinnar í Bjólfskviðu og Heliand varðaði var þrískiptingin í aðalsagnir, hjálparsagnir og óákveðnar sagnir. Í (29) eru sýndar tölfræðilegar upplýsingar um dreifingu þessara þriggja sagnflokka í kvæðunum tveimur, *Atlakviðu* og *Völuspá*:

(29) Tegund sagnar

<i>Atlakviða</i> :	162		<i>Völuspá</i> :	225	
Hjálparsögn:	37	23%	Hjálparsögn:	46	21%
Óákveðin:	15	9%	Óákveðin:	9	4%
Aðalsögn:	110	68%	Aðalsögn:	169	75%

Hér sést að aðalsagnir eru algengastar í báðum kvæðunum en kerfissagnir eru mun færri. Þetta er svipað mynstur og í Bjólfskviðu og Heliand, nema þar er flokkur hjálparsagna nokkru stærri (33%) og flokkur aðalsagna nokkru minni (58%).¹⁵

Í (30) eru einungis taldar með setningar með hjálparsögnum og þær greindar eftir því hvort þær eru bundnar eða sjálfstæðar:

(30) Hjálparsagnir: *hafa, munu, skulu, vera, verða*.

<i>Atlakviða</i>			<i>Völuspá</i>		
Sjálfstæðar setningar: 30			Sjálfstæðar setningar: 37		
Áherslulaus:	29	97%	Áherslulaus:	34	92%
Fráfærð:	0	0%	Fráfærð:	2	5%
Stuðluð:	1	3%	Stuðluð:	1	3%
Bundnar setningar: 7			Bundnar setningar: 9		
Áherslulaus:	1	14%	Áherslulaus:	7	78%
Fráfærð:	5	72%	Fráfærð:	2	22%
Stuðluð:	1	14%	Stuðluð:	0	0%

¹⁵ Munurinn kann að stafa af því að Getty (1997) telur nokkrar óljósar sagnir til óákveðinna til þess, að því er hann segir, að skekkja ekki niðurstöðurnar; m.a. sagnirnar *kevða* og *biðja* sem ég hefði yfirleitt greint sem aðalsagnir.

Hér kemur fram nokkurs konar spegilmynd í kvæðunum tveimur. Í Völuspá eru flest dæmi í bundnum setningum áherslulaus en í Atlakviðu eru flest dæmi fráfarð. Hér er þó ekki allt sem sýnist og kemur einkum tvennt til. Í fyrsta lagi eru dæmin ákaflega fá, tvö á móti sjö í Völuspá, eitt á móti fimm í Atlakviðu. Tölurnar kynnu því að breytast ef fleiri sambærileg kvæði yrðu könnuð. Einnig er hugsanlegt að skandera nokkur dæmanna í Völuspá á annan hátt en ég hef gert, þ.e. annað hvort með áherslu á tenginguna: (*ok um þat gættusk*) *hvort skyldu asir* eða ... *hvort **skyldu** asir*. Hvorugt þessara orða er beinlínis til þess fallið að bera áherslu. Dæmin í Atlakviðu eru traustari hvað áherslur varðar. Hins vegar sést að í báðum kvæðum eru hjálparsagnir í nær öllum tilvikum áherslulausar í sjálfstæðum setningum, en í Bjólfskviðu og Heliand var þessi munur ekki jafn afgerandi (70% áherslulausar).

Ef litið er á bragfræðilegar stöður óháð tegund sagnar lítur yfirlitið út eins og í (31):

(31) **Tegund setningar**

<i>Atlakviða</i>			<i>Völuspá</i>		
Sjálfstæð	111 ¹⁶		Sjálfstæð	163 ¹⁷	
Áherslulaus:	67	60%	Áherslulaus:	98	60%
Fráfarð:	7	6%	Fráfarð:	18	11%
Stuðluð:	32	29%	Stuðluð:	37 ¹⁸	23%
<hr/>			<hr/>		
Bundin	51		Bundin	61	
Áherslulaus:	4	8%	Áherslulaus:	10	16%
Fráfarð:	41	80%	Fráfarð:	48	79%
Stuðluð:	6	12%	Stuðluð:	3	5%

Ef kvæðin tvö eru skoðuð á þennan hátt kemur fram sáralítill munur á þeim. Í Atlakviðu og Völuspá eru flestar sagnir áherslulausar í sjálfstæðum setningum (60% í báðum) en í bundnum setningum er meirihluti setninga fráfarður (80%). Eins og fram kom í kafla 2.2 taldi Getty (1997) yfirlit á b.v. þau sem sýnd eru í (30) og (31) þó gefa ranga mynd af kvæðunum, þar sem mikil áhrif hefði hvers konar sagnir um væri að ræða í hverri bragfræðilegri stöðu. Meira lýsandi væru því yfirlit þar sem hver bragfræðilega staða væri skoðuð sér og síðan hver dreifing sagnflokka innan hennar stöðu væri.

¹⁶ Þar af ganga 5 dæmi ekki inn í þessi mynstur, þar sem aðalsögn stendur fremst og ber áherslu.

¹⁷ Þar af ganga 10 dæmi ekki inn í þessi mynstur, af sömu ástæðu og í fyrri neðanmálgrein.

¹⁸ Þrjú dæmi sem hér eru greind fráfarð stuðla að auki.

Slík tafla er sýnd í (32) með upplýsingum um persónubeygðar sagnir sem stuðla (sbr. yfirlitið í (14) hér á undan):

(32) **Stuðlandi persónubeygðar sagnir**

<i>Atlakviða</i>			<i>Völuspá</i>		
Sjálfstæðar setningar: 32			Sjálfstæðar setningar: 37		
Hjálparsögn:	1	3%	Hjálparsögn:	1	3%
Óákveðin:	1	3%	Óákveðin:	0	0%
Aðalsögn:	30	94%	Aðalsögn:	36	97%
Bundnar setningar: 6			Bundnar setningar: 3		
Hjálparsögn:	1	17%	Hjálparsögn:	0	0%
Óákveðin:	0	0%	Óákveðin:	0	0%
Aðalsögn:	5	83%	Aðalsögn:	3	100%

Eins og hjá Getty (1997:167) eru það nær einvörðungu aðalsagnir sem bera stuðul. Þetta þyrfti hins vegar að athuga í fleiri kvæðum, því að dæmin um stuðlun í bundnum setningum eru ákaflega fá. Dreifingin í Bjólfskviðu og Heliand er á svipaða leið, þó að hlutfall bundinna setninga með stuðlun sé talsvert herra en í Atlakviðu og Völuspá.

Í (33) eru sýndar upplýsingar um áherslulausar persónubeygðar sagnir (sbr. (15)):

(33) **Áherslulausar persónubeygðar sagnir**

<i>Atlakviða</i>			<i>Völuspá</i>		
Sjálfstæðar setningar: 67			Sjálfstæðar setningar: 98		
Hjálparsögn:	29	43%	Hjálparsögn:	34	35%
Óákveðin:	10	15%	Óákveðin:	7	7%
Aðalsögn:	28	42%	Aðalsögn:	57	58%
Bundnar setningar: 4			Bundnar setningar: 10		
Hjálparsögn:	1	25%	Hjálparsögn:	7	70%
Óákveðin:	1	25%	Óákveðin:	1	10%
Aðalsögn:	2	50%	Aðalsögn:	2	20%

Hér kemur fram greinilegur munur á eddukvæðunum annars vegar og Bjólfskviðu og Heliand hins vegar. Hjá Getty (1997) var vissulega nokkurt hlutfall persónubeygðra aðalsagna áherslulaust (6%) en í Atlakviðu eru sambærilegar sagnir áherslulausar í 42% tilvika og í Völuspá 58%. Hins vegar er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt við að sagnir séu áherslulausar í braglinu, ef fyrir eru sterkari orð á b.v. nafnorð og lýsingarorð til þess að taka við

áherslunni. Hjálparsögnum hlýtur aftur á móti að vera síður óeðlilegt að vera áherslulausar en aðalsögnum, þrátt fyrir að í Völuspá séu fleiri aðalsagnir í þeim hópi.

Um bundnu setningarnar eru ákaflega fá dæmi. Hjá Getty (1997) voru allar áherslulausar persónubeygðar sagnir í bundnum setningum (alls 15 dæmi hjá honum) hjálparsagnir. Dæmin um áherslulausar aðalsagnir í tengdum setningum í Völuspá eru vafasöm, því að þau er einnig hægt að skandera með áherslu: *þá **kömr** Hlínar* (Vsp. 51,1) og *þá **kömr** inn mæri* (Vsp. 53,1). Um dæmin í Atlakviðu var fjallað í kafla 3.1.2.

Að lokum eru í (34) sýndar upplýsingar um fráfarðar sagnir (sbr. (16)):

(34) **Fráfarðar persónubeygðar sagnir**

<i>Atlakviða</i>			<i>Völuspá</i>		
Sjálfstæðar setningar: 7			Sjálfstæðar setningar: 18		
Hjálparsögn:	0	0%	Hjálparsögn:	2	11%
Óákveðin:	0	0%	Óákveðin:	0	0%
Aðalsögn:	7	100%	Aðalsögn:	16	89%
Bundnar setningar: 41			Bundnar setningar: 48		
Hjálparsögn:	5	12%	Hjálparsögn:	2	4%
Óákveðin:	3	7%	Óákveðin:	1	2%
Aðalsögn:	33	81%	Aðalsögn:	45	94%

Lítill munur er hér á kvæðunum tveimur; fráfarðar sagnir eru í langflestum tilvikum aðalsagnir. Þó eru í Atlakviðu nokkru fleiri dæmi um hjálparsögn í þessari stöðu en í Völuspá. Getty (1997) kvað samsvarandi upplýsingar um Bjólfskviðu og Heliand benda til þess að skiptingin héldist í hendur við tíðni hvers sagnflokks fyrir sig, þ.e. að dreifingin yrði svipuð og sýnt var í almenna yfirlitlinu í (29). Sú er þó ekki raunin í Atlakviðu og Völuspá, því að talsvert fleiri aðalsagnir og færri hjálparsagnir standa í þessari stöðu. Hins vegar skiptir áreiðanlega máli að úrtakið hér er smærra en hjá Getty og e.t.v. fengjust aðrar hlutfallstölur ef fleiri kvæði væru tekin með í reikninginn.

Ef lítið er á sjálfstæðu setningarnar koma þó einnig fyrir dæmi þar sem sögn (nær alltaf aðalsögn) er sögð fráfarð. Þetta er þó villandi að því leyti að dæmi voru flokkuð á þennan hátt ef sögnin stóð aftast í braglínu. Því lenda einnig í þessum hópi dæmi sem þarfnast engra skýringa á b.v. *Atli sendi; Gulli seri; fjarghús ruku* o.s.frv. Dæmi þar sem sögnin stendur raunverulega aftar en eðlilegast er (aftar en í öðru sæti) má hins vegar skýra á bragfræðilegan hátt og var það þegar gert í kafla 3.1.4 (sjá dæmi (27)).

Hvað fráfarðar sagnir *almennt* varðar, má e.t.v. einnig finna aðra bragfræðilega skýringu á að sagnir hafi tilhneigingu til þess að standa aftast í tengdum setningum. Sú skýring tengist að nokkru leyti þeirri hugmynd sem kynnt var í kafla 3.1.2 og átti að skýra að (aðal)sagnir í bundinni setningu gætu staðið í upphafi síðlínu ef tenging var í frumlínu. Í kveðskap eru lok setningar gjarna þau sömu og lok braglínu. Ef sögn kemur því í lok setningar, stendur hún einnig í lok braglínu. Ef tenging stendur hins vegar í upptakti braglínu og einhverri sögn þarf að koma fyrir í línunni, er tæplega um það að ræða að hafa sögnina einnig í upptakti (= algeru áhersluleysi, sbr. kafla 3.1.2). Þá er varla nema tvennt í stöðunni ef um er að ræða aðalsögn, að hafa sögnina í fyrra eða síðara risi. Sé nafnorð í braglínunni sem ber höfuðstaf verður það að standa í fyrra risi og sögninni er þá einboðið að standa í því síðara. Hafi sögnin aftur á móti val um þessar tvær stöður, má ætla að henni sé skipað í síðara ris ef ætlunin er að leggja aukna áherslu á hana, ella sé hún í því fyrra. Með þessu móti fæst einnig eðlileg skýring á því að sagnir aðrar en aðalsagnir sýna nær enga tilhneigingu til þess að standa aftast í setningu/braglínu, sbr. (34); kerfissögnum er ekki eðlilegt að bera áherslu.

4. Samantekt

Hér er ekki ætlunin að telja lesandanum trú um að með þessu hafi nú öll vandamál sem tengjast stöðu persónubeygðra sagna verið leyst og að þar með megi leggja Kuhns-lögmál fyrir róða. Þessi athugun sýnir hins vegar að á mörgum þessara atriða má finna eðlilegri bragfræðilegar skýringar, einkum með hliðsjón af hljóðfræðilegum styrk orða, sbr. skala Heuslers (1925), mismunandi sagnflokka hjá Getty (1997) og umfjöllun Kristjáns Árnasonar (2002, 2005:447). Þó að Getty hafi fært góð rök fyrir því að staða persónubeygðra sagna ráðist í Bjólfskviðu og kvæðinu Heliand fyrst og fremst af skiptingu sagnanna í kerfissagnir annars vegar og aðalsagnir hins vegar, var ekki með jafnsannfærandi hætti hægt að sýna fram á að sú skipting skýrði stöðu þeirra í Atlakviðu og Völuspá. Þó að mín athugun hefði ekki fyllilega staðfest niðurstöður Gettys, kom þó ekkert fram í henni sem benti til þess að greining Gettys væri röng.

Þess í stað var litið svo á að svipaðar tilhneigingar kæmu fram í eddukvæðunum tveimur og í Bjólfskviðu og Heliand, og að þar skipti aðgreiningin í kerfis- og aðalsagnir máli. Hins vegar var stungið upp á annarri greiningu á dæmum sem brjóta (meint) lögmál

Kuhns og eins á dæmum sem brjóta þau ekki en búast hefði mátt við að væru á aðra leið. Ber þar helst að nefna dæmi um að persónubeygð aðalsögn stæði áherslulaus í upptakti þrátt fyrir að vera í tengdri setningu (brot á *K3*). Í kafla 3.1.2 var stungið upp á því að aðalsagnir gætu staðið í þeirri stöðu því aðeins að tengingin væri í frumlínu og aðalsögnin í síðlínu. Bent var á dæmi um stuðlun í þessari stöðu sem fengju eðlilega skýringu ef fallist væri á þessa greiningu.

Í kafla 3.2.2 var einnig stungið upp á bragfræðilegri skýringu á því að sagnir hefðu tilhneigingu til þess að standa aftast í tengdum setningum, og hefur sú skýring þann kost umfram þriðja Kuhns-lögmál að skýra hvers vegna aðalsagnir sýni þar meiri tilhneigingu en kerfissagnir til þess að koma fram í þeirri stöðu. Brot á fjórða Kuhns-lögmáli tókst öll að skýra með tilvísun í misjafnan styrkleika orða og þess hvort þau báru stuðul eða höfuðstaf, sbr. kafla 3.1.4.

Niðurstaðan er því sú að ekkert bendi beinlínis til þess að Kuhns-lögmál séu að verki í eddukvæðum og þætti þá sumum sem fokið væri í flest skjól hjá honum Kuhn. Á hitt ber að líta að þetta var tiltölulega lítil athugun og athuga *verður* fleiri eddukvæði með sama hætti og hér hefur verið gert áður en fullt mark er tekið á þessum niðurstöðum.

Viðauki

I. Almenn dreifing

(1a) Tegund sagnar

<i>Atlakviða:</i>		<i>Völuspá:</i>	
Hjálparsögn:	37 23%	Hjálparsögn:	46 21%
Óákveðin:	15 9%	Óákveðin:	9 4%
Aðalsögn:	110 68%	Aðalsögn:	169 75%

(1b) Tegund setningar

<i>Atlakviða</i>		<i>Völuspá</i>	
Sjálfstæð	111 ¹⁹	Sjálfstæð	163 ²⁰
Áherslulaus:	67 60%	Áherslulaus:	98 60%
Fráfærð:	7 6%	Fráfærð:	18 11%
Stuðluð:	32 29%	Stuðluð:	37 ²¹ 23%
Bundin	51	Bundin	61

¹⁹ Þar af ganga 5 dæmi ekki inn í þessi mynstur, þar sem aðalsögn stendur fremst og ber áherslu.

²⁰ Þar af ganga 10 dæmi ekki inn í þessi mynstur, af sömu ástæðu og í fyrri neðanmálsgrein.

²¹ Þrjú dæmi sem hér eru greind frá færð stuðla að auki.

Áherslulaus:	4	8%	Áherslulaus:	10	16%
Fráfærð:	41	80%	Fráfærð:	48	79%
Stuðluð:	6	12%	Stuðluð:	3	5%

II. Raðað eftir tegund sagnar

- (1) Hjálparsagnir: *hafa, munu, skulu, vera, verða.*

Atlakviða

Völuspá

Sjálfstæðar setningar: 30

Sjálfstæðar setningar: 37

Áherslulaus:	29	97%	Áherslulaus:	34	92%
Fráfærð:	0	0%	Fráfærð:	2	5%
Stuðluð:	1	3%	Stuðluð:	1	3%

Bundnar setningar: 7

Bundnar setningar: 9

Áherslulaus:	1	14%	Áherslulaus:	7	78%
Fráfærð:	5	72%	Fráfærð:	2	22%
Stuðluð:	1	14%	Stuðluð:	0	0%

- (2) Óákveðnar sagnir:
Atlakviða: eiga, fara hafa, kenja, koma, láta, vilja.

Óákveðnar sagnir:
Völuspá: fara, ganga, kenja, koma, nema, tjá, vilja, víta

Sjálfstæðar setningar: 11

Sjálfstæðar setningar: 7

Áherslulaus:	10	91%	Áherslulaus:	7	100%
Fráfærð:	0	0%	Fráfærð:	0	0%
Stuðluð:	1	9%	Stuðluð:	0	0%

Bundnar setningar: 4

Bundnar setningar: 2

Áherslulaus:	1	25%	Áherslulaus:	1	50%
Fráfærð:	3	75%	Fráfærð:	1	50%
Stuðluð:	0	0%	Stuðluð:	0	0%

- (3) Aðalsagnir:

Atlakviða

Völuspá

Sjálfstæðar setningar: 70²²

Sjálfstæðar setningar: 119²³

Áherslulaus:	28	40%	Áherslulaus:	57	48%
Fráfærð:	7	10%	Fráfærð:	16	13%
Stuðluð:	30	43%	Stuðluð:	36	30%

Bundnar setningar: 40

Bundnar setningar: 50

Áherslulaus:	2	5%	Áherslulaus:	2	4%
Fráfærð:	33	82%	Fráfærð:	45	90%
Stuðluð:	5	13%	Stuðluð:	3	6%

²² Þar af eru einnig 5 dæmi (7%) um að aðalsögnin standi fremst og beri áherslu, sbr. fyrri nmlsgr.

²³ Þar af eru einnig 10 dæmi (8%) um að aðalsögnin standi fremst og beri áherslu, sbr. fyrri nmlsgr.

III. Raðað eftir bragfræðilegri stöðu

- (1) *Áberslulansar* persónubeygðar sagnir

<i>Atlakviða</i>			<i>Völuspá</i>		
Sjálfstæðar setningar: 67			Sjálfstæðar setningar: 98		
Hjálparsögn:	29	43%	Hjálparsögn:	34	35%
Óákveðin:	10	15%	Óákveðin:	7	7%
Aðalsögn:	28	42%	Aðalsögn:	57	58%
Bundnar setningar: 4			Bundnar setningar: 10		
Hjálparsögn:	1	25%	Hjálparsögn:	7	70%
Óákveðin:	1	25%	Óákveðin:	1	10%
Aðalsögn:	2	50%	Aðalsögn:	2	20%

- (2) *Fráfarðar* persónubeygðar sagnir

<i>Atlakviða</i>			<i>Völuspá</i>		
Sjálfstæðar setningar: 7			Sjálfstæðar setningar: 18		
Hjálparsögn:	0	0%	Hjálparsögn:	2	11%
Óákveðin:	0	0%	Óákveðin:	0	0%
Aðalsögn:	7	100%	Aðalsögn:	16	89%
Bundnar setningar: 41			Bundnar setningar: 48		
Hjálparsögn:	5	12%	Hjálparsögn:	2	4%
Óákveðin:	3	7%	Óákveðin:	1	2%
Aðalsögn:	33	81%	Aðalsögn:	45	94%

- (3) *Stuðlandi* persónubeygðar sagnir:

<i>Atlakviða</i>			<i>Völuspá</i>		
Sjálfstæðar setningar: 32			Sjálfstæðar setningar: 37		
Hjálparsögn:	1	3%	Hjálparsögn:	1	3%
Óákveðin:	1	3%	Óákveðin:	0	0%
Aðalsögn:	30	94%	Aðalsögn:	36	97%
Bundnar setningar: 6			Bundnar setningar: 3		
Hjálparsögn:	1	17%	Hjálparsögn:	0	0%
Óákveðin:	0	0%	Óákveðin:	0	0%
Aðalsögn:	5	83%	Aðalsögn:	3	100%

Tilvísanir

- Bugge, Sophus. 1867. *Norræn fornkvæði*. Islandsk samling af folkelige oldtidsdigte om Nordens guder og heroer, almindelig kaldet Sæmundar Edda hins fróða. Malling, Christiania. [Textinn er einnig á netinu: <http://etext.old.no>].
- Fidjestøl, Bjarne. 1999. *The Dating of Eddic Poetry*. Odd Einar Haugen (ritstj.). Bibliotheca Arnamagnæana XLI. C.A. Reitzels forlag, Copenhagen.
- Gade, Kari. 1989. Hans Kuhn's *Das Dróttkvætt*. Some Critical Considerations. *Journal of English and Germanic Philology* 88:34-53.
- Getty, Michael. 1997. Was finite verb placement in Germanic prosodically conditioned?: Evidence from *Beowulf* and *Heliand*. *Journal of English and Germanic Philology* 96:155-181.
- Kristján Árnason. 2002. Kuhn's Laws in Old Icelandic Prose and Poetry. *Journal of Germanic Linguistics* 14 (3):201-241.
- Kristján Árnason. 2005. *Hljóð: handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði*. Íslensk tunga 1. bindi. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Kuhn, Hans. 1933. Zur Wortstellung und -betonung im Altgermanischen. *Beiträge zur Geschichte der deutschen Sprache und Literatur* 57:1-109. [Endurpr. í Kuhn (1969)].
- Kuhn, Hans. 1969. *Kleine Schriften I*. Aufsätze und Rezensionen aus den Gebieten der germanischen und nordischen Sprach-, Literatur- und Kulturgeschichte. Herausgegeben von Dietrich Hofmann in Zusammenarbeit mit Wolfgang Lange und Klaus von See. Walter de Gruyter & Co, Berlin.
- Nygaard, Marius. 1865-1867. *Eddasprogets Syntax*. 1. og 2. bindi. Giertsen, Bergen.
- Nygaard, Marius. 1905. *Norrøn syntax*. H. Aschehoug & Co. (W. Nygaard), Kristiania.
- Ólafur Halldórsson. 1977. *Bragur og ljóðstíll*. Rannsóknastofnun í bókmenntafræði við Háskóla Íslands, fræðirit 1. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Wackernagel, Jakob. 1896. Über ein Gesetz der indogermanischen Wortstellung. *Indogermanische Forschungen* 1:333-435.